

Skýrsla prófstjóra – 2010 haust og 2011 vor

2010 haust

Að vanda samdi Þórarinn Ingólfsson próftöfluna. Undirbúningur fyrir prófin hófst 15. nóvember. Gögn fóru í stofnar 30. nóvember. Lögð voru 2.094 próf fyrir nemendur fyrir utan sjúkrapróf. Fjöldi nemenda í prófum í einstökum greinum var mestur í stærðfræði (584 nemendur - í fjórum stokkum) og í stærsta stærðfræðistokknum voru 327 nemendur. Ljóst er að nemendur sleppa síst við próf í stærðfræði. Önnur fjölmennasta greinin var íslenska með heildarfjöldann 507 nemendur í þremur stokkum. Fæstir nemendur voru í prófum í tölvufræði (13 nemendur) og í uppskrapi í EFN203 (4 nem.), JAR103 (5 nem.), LÍF103 (6 nem.), SAG303 (1 nem.) og SAG313 (3 nem.).

8 próf voru lesin inn fyrir 5 nemendur. Hljóðskrárnar voru settar í tölvur sem staðsettar voru í stofu 208. Helgi Hermannsson hefur yfirumsjón með þessum málum og er aðstoð hans ómetanleg. 7 nemendur tóku próf með aðstoð og/eða á tölvu og 3 af þeim voru með sérstakan yfirseta. 19 nemendur fóru fram á að taka prófin í fámenni og einn þurfti þúlt til að leysa prófin. 5 nemendur tóku 1-2 próf í heimabyggð.

Að vanda var fjöldi yfirseta hjá kennurum reiknaður út frá kennslumagni á önninni. Flestir kennarar áttu að sitja yfir 4-5 sinnum. Ekki reyndist þörf á svo mörgum yfirsetum og flestir sluppu með 1-2 yfirsetum minna en kennslumagn sagði til um.

Sjúkraprófin gengu almennt vel fyrir sig – ekki var dagur á milli síðasta prófs og sjúkraprófa sem setti allt skipulag í mjög þröngar skorður. Kennarar áttu að skila prófum á Skúlaskeið fyrir kl. 13:00 daginn fyrir sjúkraprófsdag. Flest prófanna voru komin þangað á réttum tíma. 89 nemendur tóku sjúkrapróf, flestir tóku eitt sjúkrapróf, en 10 nemendur tóku tvö (hvort á eftir öðru). 13 nemendur fengu að fara í sjúkrapróf vegna prófklemmu. Allir nemendur (7), sem áttu að vera í tveimur prófum á sama tíma, fóru í prófin hvort á eftir öðru. Einn nemandi fór í endurtektarpróf á sjúkraprófsdaginn. Tveir nemendur fóru í sjúkrapróf mánudaginn 13. des., annar vegna veikinda á sjúkraprófsdag en hinn vegna fjölda prófa sem hann hafði misst af vegna veikinda.

Prófstjóri dreifði sjúkraprófunum í stofunar að morgni sjúkraprófsdags – daginn áður hafði þeim verið raðað samkvæmt stofumiðum. Stofumiðar vor líka hengdir upp og settir í stofunar daginn fyrir sjúkrapróf.

2011 vor

Próftafla samin af Þórarni Ingólfssyni, aðstoðarskólameistari. Undirbúningur fyrir prófin hófst í dimbilvikunni 18.-22. apríl. Gögn fóru í stofur 29. apríl. Lögð voru 2.154 próf fyrir nemendur fyrir utan sjúkrapróf. Fjöldi nemenda í prófum var mestur í íslensku (313 nemendur) og í stærsta stærðfræðistokknum (349 nemendur). Prófað var í fjórum stokkum í stærðfræði – samtals 514 nemendur. Undir 10 manns voru í prófum í TEH103, 203 og 303, ÍSAB92, STÆ603, TNT403, ÞÝS403 og ÞÝS503 og einnig í HEM402. Í uppskrapi í EFN203 voru 7 nem., í EFN313 5 nem., JAR103 8 nem. og SAG403 1 nem. Tveir grunnskólanemar í fjarnámi (úr Vallaskóla) tóku próf í ENS103 í FSu.

14 próf voru lesin inn fyrir 7 nemendur. Að vanda voru hljóðskrárnar settar í tölvur sem staðsettar voru í stofu 208. 5 nemendur tóku próf með aðstoð og/eða á tölvu og 2 af þeim voru með sérstakan yfirseta. Aftur er Helga Hermannssyni þakkað fyrir ómetanlega aðstoð. 24 nemendur fóru fram á að taka prófin í fámenni. 3 nemendur tóku 1 - 3 próf í heimabyggð.

Sami máti varð hafður á að ákvarða fjölda yfirseta hjá kennurum og áður. Samkvæmt því hefðu flestir kennarar átt að sitja yfir 4-5 sinnum. Ekki reyndist þörf á svo mörgum yfirsetum og flestir sluppu með 1-2 yfirsetum minna en kennslumagn sagði til um. Endurraðað var í stofur í

þremur stökkum og sluppu því nokkrir yfirsetar við yfirsetu þar sem hægt var að tæma stofu eða stofur í hvert skipti.

Sjúkraprófin gengu almennt vel fyrir sig. Rétt eintök prófa áttu að vera komin á Skúlaskeið fyrir kl. 13:00 12. maí en sjúkraprófin voru þann 13. Flest þeirra voru komin á Skúlaskeið á réttum tíma. 60 nemendur tóku sjúkrapróf, flestir tóku eitt sjúkrapróf, en 8 nemendur tóku tvö. Af þessum 74 nemendum fengu 13 að fara í sjúkrapróf vegna prófklemmu. Flestir þeirra, sem áttu að vera í prófum á sama tíma, tóku þau hvort á eftir öðru. Tveir nemendur fóru í endurtektarpróf.

Eins og áður dreifði prófstjóri sjúkraprófunum í stofurnar að morgni sjúkraprófsdags. Stofumiðar voru hengdir upp og settir í stofurnar daginn áður.

Selfossi, 9. júní 2011
Ragnheiður Ísaksdóttir